

Úrskurður 17/2015 : Aðflutningsgjöld á kjól.

Kærandi keypti kjól á ferðalagi erlendis en þurfti að fá hann í annarri stærð sendan úr öðru útibúi verslunarinnar. Var kjóllinn sendur með pósti á hótélherbergi kæranda er barst eftir að kærandi hélt aftur til Íslands. Var kjóllinn því sendur með pósti á heimilisfang kæranda. Tollmiðlari lýsti í aðflutningsskýrslu sendingunni sem farangri sem viðskila hafði orðið eiganda. Stuttu síðar var kæranda tilkynnt að skýrslan væri röng og að greiða skyldi af sendingunni. Kærandi óskaði þess að Tollstjóri endurskoðaði þá ákvörðun. Bar kærandi því við að hún hefði greitt fyrir kjólinn ytra sem með því varð hennar eign.

Niðurstaða:

Tollstjóri vísaði til þeirrar meginreglu að greiða skyldi aðflutningsgjöld af öllum vörum sem fluttar væru til landsins. Frá þeirri meginreglu væri þó sú undantekning að ferðamönnum búsettum hérlendis væri heimilt að hafa meðferðis varning að verðmæti 88.000 kr. Skilyrði fyrir undanþágu þeirri er að innflytjandi hafi vöruna í eigin vörslu við komu til landsins. Frá þeirri reglu er undantekning í 11. gr. reglugerðar 630/2008 fyrir farangur sem viðskila hefur orðið ferðamanni. Til þess að farangur geti fallið undir þá undanþágu verður hann að hafa orðið viðskila við eiganda sinn. Viðkomandi verður því að hafa haft farangurinn í sinni vörslu en síðar tapað honum eða týnt með öðrum hætti, s.s. þegar ferðataska verður eftir á flugvelli. Kærandi hafði umræddan kjól aldrei í sinni vörslu heldur var hann pantaður og sendur á hótélherbergi kæranda og síðar til landsins. Ekki er því hægt að fella hann undir umrædda undanþágu. Með vísan til þess staðfesti Tollstjóri álagningu aðflutningsgjalda á sendingu kæranda.